



Alþingi
Erindi nr. P 27/1866
komudagur 11.4.2002
Skagafjarðarveitur

Borgarteig 15 - 550 Sauðárkróki - Sími 453-5257 - Fax 453-6267 - Kt: 691097-2509

Sauðárkróki 11. apríl 2002

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Málefni: Umsögn um frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar, mál 640.

Erindi lðnaðarnefndar Alþingis dagsett 3. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um niðurgreiðslur húshitunarkostnaðar hefur verið mótttekið.


Því er fagnað að með frumvarpi þessu verður með skýrum hætti markað hvernig niðurgreiðslum til húshitunar verður háttáð og hvaða reglur gilda til úthlutunar styrkja til nýrra hitaveitna og stækkunar þeirra eldri, þótt einstaka grein frumvarpsins séu umdeild.


Eins og fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu kafla IV. hefur Hitaveita Skagafjarðar (Skagafjarðarveitur) hlotið styrki til stækkunar dreifikerfis í sveitum. Þar sem þannig háttar til, að mikið af heitu vatni er til staðar eins og hér í Skagafirði verður dreifing þess helsta vandamálið vegna mikils kostnaðar sem ekki er samkeppnisfær við niðurgreitt rafmagn til húshitunar þegar tekið hefur verið tillit til mikils stofnkostnaðar við veitulagnirnar. Nú hafa þeir hitaveituleggir verið lagðir hér í Sveitarfélaginu Skagafirði sem hagkvæmt getur talist að leggja, í samkeppni við upphitun með niðurgreiddu rafmagni.

Ljóst er að til að framhald geti orðið á stækkun dreifikerfisins til minni þéttbýlissvæða og í dreifbýlinu, er nauðsynlegt að miða styrkinn til nýrra og/eða stækkandi hitaveitna við 10 ára niðurgreiðslur á rafmagni til húshitunar á svæðunum. Hér er ekki um sérhagsmuni Skagafirðinga að ræða heldur er svipuð staða á mörgum öðrum stöðum á landinu til sveita. Þessi mál hafa oft komið til umræðu í Veitustjórn Skagafjarðar og á fundum Sambands sveitarfélaga á Norðurlandi vestra. Einhugur er meðal sveitarstjórnarmanna á Norðurlandi vestra að hér er um brýnt hagsmunamál íbúanna og veitnanna að ræða. Vert er einnig að benda á að ákvæði 12. gr. laganna er mjög umdeilt en um það segir í skýringum við greinina, að þeir styrkir sem fengist hafa til jarðhitaleitar eigi að dragast frá uppbyggingu nýrra hitaveitna.

Eindregið eru því lagðar til breytingar á 12. gr. í III kafla frumvarpsins þannig að styrkur til hvernar hitaveitu geti numið tíu ára niðurgreiðslum á rafmagni til húshitunar í stað fimm ára og í annan stað að frá styrkfjárhæðinni verði ekki dregnir þeir styrkir sem veittir hafa verið vegna jarðhitaleitar á köldum svæðum.

Það er staðreynd að lagning hitaveitu í dreifbýli er ein besta leiðin til að styrkja búsetu til sveita. Reynsla okkar Skagafirðinga er þar ótvíræð. Alþingi hefur ályktað að styrkja eigi búsetu á landsbyggðinni. Breyting á ofangreindu frumvarpi í anda þess sem hér segir mun skipta sköpum hvort Skagafjarðarveitur geti fundið hagkvæmi frekari veitulagna í Skagafirði s.s. á Hofsós og svæðinu í austanverðum Skagafirði. Þingmenn eru því hvattir til að beita sér fyrir þessum breytingum á lögnum. Ríkið mun fá þessa styrki sem hér um ræðir til baka með minnkandi niðurgreiðslum til húshitunar á tiltölulega stuttum tíma.


Virðingarfyllst
Snorri Styrkársson form. veitustj.


Páll Pálsson veitustjóri.